

HS Veitur hf - Ársreikningur 31. desember 2014

Ársreikningur HS Veitna hf. fyrir árið 2014 var samþykktur á fundi stjórnar í dag, 20. febrúar 2015.



Helstu atriði

Hagnaðaraukning um 139 m.kr. milli tímabila

Heildarhagnaður ársins 2014 var 804 m.kr. á móti hagnaði árið 2013 upp á 666 m.kr.

EBITDA lækkar aðeins, var 2014 1.749 m.kr. (33,2%) á móti 1.798 m.kr. (35,6%) árið 2013.

Fjárhagsstaða er sterk og horfur góðar. Eiginfjárlutfall þann 31. desember 2014 er 53,2%.

Veltufjárlutfall var 3,63 þann 31. desember 2014 samanborið við 4,63 í árslok 2013.

Hluthafar félagsins eru fjórir, í lok árs áttu þrír hluthafa yfir 10% hlut í félaginu:

Reykjanesbær	50,10%
HSV Eignarhaldsfélag slhf	34,38%
Hafnarfjarðarbær	15,42%

Almenn umfjöllun

Heildarhagnaður ársins 2014 nam 804 m.kr. á móti hagnaði árið 2013 uppá 666 m.kr. Það er hagnaðaraukning upp á 139 m.kr. sem skýrist í meginatriðum með lækkun fjármagnsliða upp á 224 m.kr. Hækkun tekna nam 222 m.kr. Gjaldfærð lífeyrisskuldbinding ársins 2014 var 64 m.kr. á móti gjaldfærslu upp á 42 m.kr. á árinu 2013. Verðbætur langtímalána lækka um 165 m.kr. á milli ára.

Tekjur hækkuðu um 4,4% á milli ára. Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur HS Veitna hf á árinu 2014, 5.276 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar og flutnings 2.688 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 1.705 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 533 m.kr. og vegna annarrar starfsemi 350 m.kr. Sambærilegar tölur fyrir árið 2013 eru eftirfarandi: Rekstrartekjur 5.054 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar og flutnings 2.502 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 1.660 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 508 m.kr. og vegna annarrar starfsemi 384 m.kr.

Kostnaðarverð hækkaði um 5,7% á milli ára á meðan tekjur jukust um 4,4%. Kostnaðarverð sölu nam 3.573 m.kr. árið 2014 (68% m.v. tekjur) á móti 3.383 m.kr. árið 2013 (67% m.v. tekjur). Helsta kostnaðaraukning á milli tímabila er að hitaveituedeild hækkar um 134 m.kr. á milli ára, sem skýrist fyrst og fremst vegna olíukaupa til kyndingar í Vestmannaeyjum vegna skerðingar Landsvirkjunar á ótryggri orku. Orku kaup til endursölu lækka um 7 m.kr. en raforkuflutningur hækkar um 93 milljónir.

Annar rekstrarkostnaður hækkar milli ára eða um 93 m.kr. (518 m.kr. 2014 en 425 m.kr. árið 2013). Þessa breytingu má að mestu skýra með meiri aðkeyptri þjónustu m.a. vegna upplýsingakerfa, breytingu á lífeyrisskuldbindingu og beinna launagreiðslna í stað aðkeyptrar þjónustu.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru neikvæð um 234 m.kr. á árinu 2014 en voru neikvæð upp á 458 m.kr. á árinu 2013, eða alls lækkun á milli ára um 224 m.kr. Þessa lækkun má að hluta rekja til lægri verðbóta vegna langtímalána en verðbætur 2014 voru um 72 m.kr. á móti 237 m.kr. árið 2013. Fjármunatekjur eru að aukast úr 107 m.kr. árið 2013 í 144 m.kr. árið 2014.

Gjaldfærður tekjuskattur nam 146 m.kr. árið 2014 á móti 123 m.kr. árið 2013. Taka skal fram að afkoma ferskvatnsdeildar er undanþegin tekjuskatti en afkoma deildarinnar var jákvæð um 166 m.kr. en var jákvæð um 164 m.kr. árið 2013.

EBITDA ársins 2014 er 1749 m.kr. (33%) á móti EBITDA 1.798 m.kr. (36%) fyrir árið 2013.

Samkvæmt efnahagsreikningi eru eignir HS Veitna hf þann 31. desember 2014 bókfærðar á 19.178 m.kr. Eignir hækkuðu um 645 m.kr. frá ársbyrjun. Fjárfestingar í veitukerfum 2014 námu alls um 767 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 661 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 45 m.kr. og vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 61 m.kr. Sambærilegar tölur frá fyrra ári eru eftirfarandi: fjárfestingar í veitukerfum 506 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 425 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 104 m.kr. og vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 25m.kr.

Eigið fé HS Veitna hf nam 10.195 m.kr. þann 31. desember 2014 (eiginfjárlutfall 53,2%) en eigið fé í ársbyrjun var 9.841 m.kr. (eiginfjárlutfall 53,1%).

Fjárhagsstaða félagsins þann 31. desember 2014 er sterk og horfur um rekstur þess góðar. Áfram verður unnið að stækkun veitukerfa félagsins eftir því sem þörf krefur og að tryggja viðskiptavinum félagsins hámarks afhendingaröryggi.

Helstu fjárhæðir úr ársreikningnum eru sem hér segir í þús. kr.

	2014	%	2013	%	Breyting milli ára
Rekstrarreikningur					
Rekstrartekjur	5.276.069	100,0%	5.053.882	100,0%	4,4%
Kostnaðarverð sölu	(3.573.297)	(67,7%)	(3.382.934)	(66,9%)	5,6%
Vergur hagnaður	1.702.772	32,3%	1.670.948	33,1%	1,9%
Annar rekstrarkostnaður	(518.001)	(9,8%)	(424.914)	(8,4%)	21,9%
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði	1.184.771	22,5%	1.246.034	24,7%	(4,9%)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(234.255)	(4,4%)	(457.761)	(9,1%)	(48,8%)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	950.516	18,0%	788.273	15,6%	20,6%
Tekjuskattur	(146.212)	(2,8%)	(122.513)	(2,4%)	19,3%
Hagnaður tímabilsins	804.304	15,2%	665.760	13,2%	20,8%
	31.12.2014		31.12.2013		
Efnahagsreikningur					
Fastafjármunir	16.043.028	83,7%	15.793.483	85,2%	1,6%
Veltufjármunir	3.135.226	16,3%	2.741.319	14,8%	14,4%
Eignir samtals	19.178.254	100,0%	18.534.802	100,0%	3,5%
Eigið fé	10.194.807	53,2%	9.840.503	53,1%	3,6%
Langtímaskuldir	8.130.564	42,4%	8.102.349	43,7%	0,3%
Skammtímaskuldir	852.883	4,4%	591.950	3,2%	44,1%
Skuldir og eigið fé samtals	19.178.254	100,0%	18.534.802	100,0%	3,5%
Kennitölur					
EBITDA	1.748.632	33,1%	1.797.809	35,6%	(2,7%)
Veltufjárlutfall	3,68		4,63		(20,6%)
Eiginfjárlutfall	53,2%		53,1%		0,1%

Nánari upplýsingar veitir Júlíus Jónsson, forstjóri HS Veitna hf., í síma 422 5200/860 5208.